

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „aflvéla og ökutækja“ í 1. málsg. 27. gr. laganna komi: hvers konar íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

2. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. málsg. 29. gr. laganna, svo hljóðandi: f. íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

3. gr.

Á eftir 4. málsg. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Iðgjöld vegna íþróttafólks greiðast sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og skulu nánari ákvæði um skiptingu iðgjaldsgreiðslna, svo og um slysa-tryggingar íþróttafólks, sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.